

Hafnarfirði, 27. mars 2013.

Guðbjörn Jónsson,  
kt. 101041-3289,  
Kríuhólum 4,  
111 Reykjavík.

Varðar: Alþingiskosningar 27. apríl nk.

Vísað er til till kynningar frá þér til yfirkjörstjórnar í Suðvesturkjördæmi.

Að gefnu tilefni er athygli þín vakin á ákvæðum III. kafla (31.-34. gr.) stjórnarskrárinnar. Þar kemur fram í 1. mgr. 31. gr. að á Alþingi eigi sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu. Í 2.-6. mgr. 31. gr. er fjallað um kjördæmi, þingsæti og úthlutun þeirra. Í 2. mgr. 33. gr. er tekið fram að nánari reglur um alþingiskosningar skuli settar í kosningalögum.

Jafnframt er athygli þín vakin á ákvæðum laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis, ásamt síðari breytingum, þar á meðal VII.-X. kafla, þar sem fjallað er um framboð, listabókstafi stjórn málasamtaka, umboðsmenn og úrskurð um framboð og auglýsingu. Ennfremur er ástæða til að vekja sérstaka athygli þína á ákvæðum 105.-113. gr. sömu laga.

Yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi mun auglýsa í dagblöðum á næstu dögum hvar og hvenær hún kemur saman, annars vegar til að veita framboðum til Alþingis vegna alþingiskosninga 27. apríl nk. viðtöku og hins vegar til að úrskurða um gildi framboða.

Ekki er kunnugt um að yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi hafi áður tekið afstöðu til þess hvort einstaklingur geti boðið sig fram við kosningar til Alþingis, utan stjórn málasamtaka, með þeim hætti sem þú boðar.

Yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi hefur enga afstöðu tekið til þess, á þessu stigi, hvort gögn þau sem þú hefur sent geti talist gilt framboð að lögum. Yfirkjörstjórn mun á auglýstum tíma, sbr. áður nefnda auglýsingu sem birt verður í dagblöðum, taka afstöðu til framboða sem henni berast.

F.h. yfirkjörstjórnar í Suðvesturkjördæmi,

  
Jónas Þór Guðmundsson, oddviti